

# Svör við fyrirspurnum í samkeppni um veggspjald Listahátíðar 2012

January 9, 2012 12:50:31 PM GMT

1. Geta ljósmyndarar með sveinspróf tekið þátt í samkeppninni um veggspjald Listahátíðar? Nú er það svo að Myndstef er m.a. hagsmunasamtök ljósmyndara og annarra myndhöfunda: <http://myndstef.is/islenska/myndhofundar/af-hverju-adild-ad-myndstefi/> Ljósmyndun er listform sem vissulega skarast við myndlist og ætti því að vera eðlilegt að hafa samkeppnina opna fyrir ljósmyndurum með réttindi.  
**Svar: Já, ljósmyndarar geta tekið þátt í keppninni.**
2. Getur hver aðili sent inn þrjár tillögur?  
**Svar: Hver aðili getur sent inn eins margar tillögur og hann vill. Hver og ein tillaga þarf þó að vera í sér umslagi og hafa sérstakt dulnefni höfundar.**
3. Einnig vil ég benda á að það vantar hlekkinn að merki Listahátíðar sem vísað er í hér í auglýsingu ykkar: <http://www.listahatid.is/frettabref/adalgrein/nr/1879>  
**Svar: Merki Listahátíðar má nálgast hér: <http://www.listahatid.is/um-listahatid-i-reykjavik/logo-listahatidar-i-reykjavik/>.**

January 9, 2012 5:31:37 PM GMT

Er hægt að fá sent eða nálgast merki Listahátíðar í vector formati, og jafnvel letrið líka?

**Svar: Merki Listahátíðar á vector-formati má nálgast hér: <http://www.listahatid.is/um-listahatid-i-reykjavik/logo-listahatidar-i-reykjavik/>.**

January 10, 2012 2:37:21 PM GMT

- Ég er hálfgerður grænjaxl í þessu en langar samt að prufa að taka þátt en er með tvær spurningar :)
1. "Tillögum skal skila útprentuðum á A4 blaði í lit (hámark 3 stakar síður)" hvað er verið að meina með 3 stakar síður?  
**Svar: Ef sendar eru inn fleiri en ein mynd af útfærslu eða útgáfu hugmyndarinnar, eiga síðurnar ekki að vera innbundnar á neinn hátt – hvorki heftaðar saman né gormaðar. En það er þó alls ekki nauðsynlegt að senda nema eina mynd af tillögu. Athugið að senda ekki frummyndir í keppnina.**
  2. má senda inn fleirri en eitt veggspjald og þarf maður þá að hafa sitthvort dulnefnið á þeim ?  
**Svar: Hver aðili getur sent inn eins margar tillögur og hann vill. Hver og ein tillaga þarf þó að vera í sér umslagi og hafa sérstakt dulnefni höfundar.**

January 10, 2012 6:31:15 PM GMT

Hvar getur maður nálgast myndir sem hægt að nota við hönnun á veggspjaldinu?

Og einnig texta sem verður að koma fram?

**Svar: Á veggspjaldinu verður að gera ráð fyrir merki Listahátíðar. Allt annað er undir hönnuði komið.**

January 11, 2012 8:54:57 AM GMT

Er hægt að senda inn fleira en eina tillögu í keppnina?

**Svar: Já, það má.**

January 11, 2012 11:29:53 AM GMT

Er með samkeppninni verið að biðja um heildarhönnun á öllu markaðsefni fyrir Listahátíð í ár?

**Svar: Nei, eingöngu er verið að leita að einni mynd/hönnun fyrir veggspjald Listahátíðar. Mynd þessi getur síðan verið notuð sem forsíða á bæklinga, tónleikaskrár og þess háttar.**

January 11, 2012 7:40:20 PM GMT

Er einhvað aldurstakmark í keppninni. Á dóttur sem er 15. ára sem langar til að prófa.

**Svar: Ekkert aldurstakmark er í keppninni, en hún er þó ætluð myndlistarmönnum og hönnuðum.**

January 12, 2012 4:31:36 PM GMT

Ég hef hugsað mér að taka þátt í samkeppninni um veggspjald fyrir Listahátíð 2012.

Er búsett erlendis og langar að staðfesta hvort ég gæti senn með pósti tillöguna mína, og þá hvort senda eigi á Vonarstræti 4b?

**Svar: Það má senda tillögur í pósti til Hönnunarmiðstöðvar, Vonarstræti 4b, með póststimpli fyrir 23. febrúar 2012.**

January 13, 2012 9:31:11 AM GMT

Getur þú sent mér dagsetningar listahátíðar 2012 og tema, ásamt dagskrá. Ég hef nokkurn áhuga á að taka þátt í plakateri fyrir hátíðina.

**Svar: Listahátíð stendur yfir dagana 18. maí til 3. júní 2012. Dagskráin liggur ekki fyrir, en hægt er að lesa sér almennt til um hátíðina á [www. Listahatid.is](http://www.listahatid.is).**

January 13, 2012 11:43:04 AM GMT

Ég erð að spá í hvaða texti eigi að vera á veggspjaldinu?

Er það opið eða þarf eh. ákveðið að koma fram?

**Svar: Eini textinn sem þarf að koma fram er merki hátíðarinnar.**

January 13, 2012 1:43:21 PM GMT

Goðann dag, ég hef áhuga á að taka þátt í keppni hjá ykkur, en mig langar til að staðfesta 2 hluti.

1. Er 3 tillögur hámark á mann?

**Svar: Hver aðili getur sent inn eins margar tillögur og hann vill. Hver og ein tillaga þarf þó að vera í sér umslagi og hafa sérstakt dulnefni höfundar.**

2. Má þetta vera í hvaða formati sem er? (svo sem ljósmyndir eða teikningar etc)?

**Svar: Það skiptir ekki máli hvort unnið er með ljósmyndir, teikningar eða annað form.**

3. og síðast en ekki síst, þá sá ég engann link með logo-inu, get ég fengið link eða file sendann til baka?

**Svar: Merki Listahátíðar má nálgast hér: <http://www.listahatid.is/um-listahatid-i-reykjavik/logo-listahatidar-i-reykjavik/>.**

January 13, 2012 8:29:53 PM GMT

Geta listamenn sem búsettir eru erlendis tekið þátt í samkeppninni!

**Svar: Já. Það má senda tillögur í pósti til Hönnunarmiðstöðvar, Vonarstræti 4b, með póststimpli fyrir 23. febrúar 2012.**